

5 MEGINSKILABOÐ

- 1.** Hágæða hnoð með lágmarks truflun, rafstuð sem fyrst og meðferð á afturkræfum orsökum eru forgangsmatariði
- 2.** Hægt er að koma í veg fyrir hjartastopp hjá mörgum sjúklingum þar sem hættumerki eða einkenni koma oft fram fyrir hjartastopp innan- eða utan sjúkrahúss
- 3.** Notaðu grunn- eða sérhæfða öndunaraðstoð - aðeins sérþjálfaður einstaklingur í góðri þjálfun ætti að framkvæma barkaþræðingu
- 4.** Nota adrenalín sem fyrst í hjartastoppi án stuðvæns takts
- 5.** Hjá völdum sjúklingum, ef mögulegt er, skal íhuga hjarta og lungnavél (eCPR) sem lífsbjargandi meðferð ef hefðbundin endurlífingun er ekki að ganga.

ALS 2021



HÁGÆÐA HNOÐ MEÐ LÁGMARKS TRUFLUN

LYKILNIÐURSTÖÐUR




Tafarlaus endurlífgun, snemmbært rafstuð þegar við á og hágæða hnoð með lágmarks truflun bætir lifun eftir hjartastopp

MEGINTILLÖGUR



Gefa rafstuð eins fljótt og mögulegt er í stuðvænum töktum



Gefa rafstuð með lágmarks truflun á hnoði, lágmarka hlé fyrir og eftir rafstuð - með alsjálfvirku hjartastuðtæki skal stefnt að því að hlé á hnoði sé minna en 5 sekúndur



Stefna að minna en 5 sekúndna truflun á hnoði til að barkapræðingu


ALS 2021

FORVARNIR GEGN HJARTASTOPPI



EUROPEAN
RESUSCITATION
COUNCIL

LYKILNIÐURSTÖÐUR



Fyrir hjartastopp inni á sjúkrahúsi má oft greina versnun á lífeðlisfræðilegum þáttum



Skyndilegt hjartastopp úti samfélaginu eru oft í kjölfar ógreindra einkenna



Þetta gefur tækifæri til að finna þá sem eru í hættu og koma í veg fyrir hjartastopp

MEGINTILLÖGUR



Sjúkrahús ættu að hafa skýra stefnu varðandi klínísk viðbrögð við óeðlilegum lífsmörkum og alvarlegum veikindum




Rannsaka ætti einkenni eins og brjóstverk eða yfirið (sérstaklega við áreynslu, í sitjandi eða liggjandi stöðu).

MEÐHÖNDLUN ÖNDUNARVEGAR

LYKILNIÐURSTÖÐUR




Niðurstöður þriggja stórra slembiraðaðra samanburðarrannsókna á afdrifum sjúklinga eftir hjartastopp utan sjúkrahúsa sýndu engan mun hvort sem notaður var belgur og maski, vélindatúba eða barkaþræðing við öndunarhjálp.




Niðurstöðurnar benda á að barkaþræðing ætti aðeins að vera framkvæmd af vel þjálfuðum einstaklingum

MEGINTILLÖGUR



Meðan á endurlífgun stendur skaltu byrja á grunntækni í öndunarhjálp og halda áfram í skrefum í samræmi við færni þjörgunaraðila þar til árangursrík loftskipti nást




Ef þörf er á sérhæfðri öndunarhjálp ættu aðeins sérþjálfaðir einstaklingar að framkvæma barkaþræðingu. Sérþjálfaður einstaklingur er í þessu tilliti aðeins sá sem getur framkvæmt barkaþræðingu í 95% tilfella með aðeins tveim tilraunum.



ADRENALÍN

LYKILNIÐURSTÖÐUR



Ef nota á Adrenalín,
eru mestar líkur á
gagnsemi þess ef það
er gefið snemma



Ávinningur Adrenalíns
er líklega meiri í
hjartastoppi með
óstuðvænlegum takt

MEGINTILLÖGUR

Gefa Adrenalín 1
mg IV (IO) eins fljótt
og auðið er hjá
fullorðnum í
hjartastoppi með
óstuðvænum takti



Gefa Adrenalín 1 mg IV
(IO) eftir þriðja stuð hjá
fullorðnum í hjartastoppi
með stuðvænlegum takti

Endurtaka Adrenalín
1 mg í IV (IO) á 3-5
mínútna fresti
meðan á endurlífgun
stendur

ALS 2021

NOTKUN HJARTA- OG LUNGNAVÉLAR Í ENDURLÍFGUN (eCPR)



LYKILNIÐURSTÖÐUR



Nýleg rannsókn og fjöldi klínískra rannsókna benda til þess að notkun hjarta og lungnavélar (eCPR) bæti lifun hjá völdum sjúklingum á sjúkrahúsum sem hafa þekkingu og úrræði til að nota slíka meðferð

MEGINTILLÖGUR



Íhugaðu endurlífingun með hjarta- og lungnavél (eCPR) fyrir valda sjúklinga í hjartastoppi þegar hefðbundnar endurlífingunaraðferðir virka ekki eða til að auðvelda sértækar aðgerðir (td kransæðapræðingu og kransæðaaðgerð (percutaneous coronary intervention), pulmonary thrombectomy við stórum lungnasegareki, endurupphitun eftir hjartastopp vegna ofkælingar) þar sem það er mögulegt